

Fundargerð stýrihóps, hring 2 um Barnvænt samfélag

4.fundur

haldinn í Krosseyri, Linnetstíg
þriðjudaginn 01.09.2026 kl. 14:30

Fundinn sátu:

Þórunn Þórarinsdóttir, verkefnastjóri. Kristín Thoroddsen, Harpa Þorleifsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Hugrún Margrét Óladóttir, Heiðrún Eva Konráðsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Hrafnhildur Ágústdóttir, Hildur Ýr Jónsdóttir, Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir, Jenný Dagbjörg Gunnarsdóttir, og Erla Karlsdóttir,

Fundargerð ritaði: Kristín Thoroddsen

Dagskrá:

Almenn erindi

1. Stöðumat - Klárað að fara yfir leiðbeinandi spurningalista og svara spurningum.

Farið yfir grein 12 sem fjallar um þáttöku barna og 6 grein sem fjallar um líf og þroska í sáttmála um barnvænt samfélag og spurningum svarað er snúa að umræddum greinum. Rætt var meðal annars um tækifæri barna til þátttöku, samráð við börn og ungmenni, hindranir og tækifæri.

Fjallað var um hversu mikið samráð er haft við börn og ungmenni í dag er varðar þjónustu. Rætt var um ábendingar sem koma frá börnum, hvernig þær eru teknar fyrir, ferla og tilkynningar. Spurningar er snúa að hagsmunum barna við skipulagningu hverfa og svæða voru ræddar mótun þeirra, ákvörðunartöku og áhrifum ákvarðana á börn og ungmenni.

2. Niðurstöður barnaþings

Rætt um að halda minna barnaþing í nóvember, þá Ungmennaðing og í Nýsköpunarsetrinu. Rætt um að búa til verkefnahóp sem fer yfir spurningalista sem fer yfir fyrirkomulag fyrir sérfræðihópaviðtöl barna, skoða betur þau börn sem eru

með annað tungumál en íslensku og aðrar áskoranir. Verkefnastjóri greindi frá því að nemendakannanir verða sendar aftur á ákveðna skóla og starfsmannakönnun er að fara af stað í september.

3. Önnur mál

Stefnt er á endurmat árið 2028. Farið var yfir tímaplan vegna innleiðinga aðgerða.

Loka úttekt er fyrirhuguð maí/jún 2028. Kynning fyrir ráð og nefndir er hafin nú á nýju kjörtímabili.

Ungmennafélag verður haldið í nóvember.

Samþykkt var að halda fundi stýrihópsins kl. 15:00 á þriðjudögum.

Fundi slitið kl. 16:00